

Leiðbeiningar eftir aðgerð í munni

Taktu því rólega næstu 1-2 daga. Hafðu hátt undir höfði þegar þú leggst fyrir. Þegar deyfing hverfur, máttu vænta óþæginda eða eymsla á aðgerðarsvæðinu. Líkur eru á bólgu og að sýnilegt mar myndist við aðgerðasvæði. Bólga er algeng og ætti ekki að valda áhyggjum. Borðaðu mjúka fæðu.

Ef sýklalyfjum hefur verið ávísað er nauðsynlegt að klára skammtinn. Almennt er gott að taka inn acidophilus með þeim fyrir að fyrirbyggja óþægindi í meltingarvegi. Ráðlögð verkjalyf eru lbufen og ef þarf parasetamol til viðbótar. Eftir stærri aðgerðir er ráðlagt að nota kalda bakstra til að draga úr bólgu og verkjum, í um það bil 15-20 mínútur á hverjum klukkutíma fyrsta daginn. Hafðu strax samband ef bólga og verkir aukast að 3-4 dögum liðnum eftir aðgerð.

Forðastu næstu 2 vikurnar:

- Að sleikja eða sjúga sárið
- Að snerta það með fingri eða verkfærum
- Heitan mat og drykk
- Að neyta tóbaks eða áfengis
- Að drekka með röri, til að forða sogálag á aðgerðarsvæði

Munnhirða:

Næstu 2 vikurnar skal skola tvisvar á dag með Corsodyl lausn, byrja skal skol daginn eftir aðgerð. Burstaðu tennurnar en forðastu aðgerðarsvæðið og aðliggjandi tennur. Græðslan verður metin eftir 2 vikur og frekari ráðleggingar við munnhirðu gefnar þá. Fylgja skal leiðbeiningum um notkun bithlífar/bráðabirgðagóma eftir aðgerðina, ef við á.

Blæðing:

Er yfirleitt smávægileg. Ef hún er veruleg, setjið hreinan klút eða grisju yfir sárflötinn og þrýstið eða bítið þétt saman í um hálfa klukkustund. Endurtakið það eftir þörfum. Athugið að mikil áreynsla fyrstu dagana eftir aðgerð getur valdið aukinni blæðingu og því skal forðast það. Leitið til tannlæknis ef blæðing stöðvast ekki.

Gangi þér vel.

Starfsfólk tannlæknastofunnar